

Ed.

553. Frumvarp til laga

[214. mál]

um breyting á lögum nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Í Félagsheimilasjóð rennur skattur af skemmtunum, eftir því sem segir í lögum um skemmtanaskatt.

Verja skal allt að 90% af tekjum sjóðsins til að styrkja byggingar félagsheimila samkvæmt 1. gr. Til þess að hefja byggingu nýs félagsheimilis, er njóti styrks úr sjóðnum, þarf leyfi menntamálaráðherra, enda samþykki hann staðsetningu þess og teikningu. Hann getur sett það skilyrði fyrir styrkveitingu, að sveitarfélag, þar sem félagsheimili á að byggja, láti ókeypis í té viðunandi byggingarlóð. Einnig getur ráðherra sett það skilyrði fyrir styrk úr sjóðnum, að fleiri en eitt félag standi að byggingu félagsheimilis, svo og sett þau önnur skilyrði viðvíkjandi gerð og notkun félagsheimilanna, sem hann telur nauðsynleg til þess, að þau komi að sem bestum notum og séu sem mest við hæfi bæjar þess eða byggðar, þar sem þau eru reist.

Af tekjum Félagsheimilasjóðs skulu 10% renna í menningarsjóð félagsheimila. Skal því fé varið til að stuðla að menningarstarfsemi í félagsheimilunum. Styrkveitingu til menningarstarfsemi einstakra félagsheimila má binda því skilyrði, að tiltekinn hluti aðgangseyris að samkomum félagsheimilisins renni í sérstakan menningarsjóð þess. Skal stjórn félagsheimilisins varðveita þann sjóð, og verður honum eingöngu varið til menningarstarfsemi í því félagsheimili og á þann hátt, sem ráðherra samþykkir.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Stjórn Félagsheimilasjóðs er í höndum menntamálaráðherra. Veitir hann styrki úr sjóðnum samkvæmt 2. gr. að fengnum tillögum fræðslumálastjóra og íþróttanefndar.

Umsóknir um styrki skal senda iþróttanefnd. Ef um er að ræða umsókn um byggingarstyrk, skal fylgja nákvæm lýsing á húsi því, sem fyrirhugað er að byggja, ásamt greinargerð fyrir þörfinni á félagsheimili á viðkomandi stað og um fyrirhugaða notkun þess. Sé sótt um styrk úr menningarsjóði félagsheimila eða sérstökum deildum hans, skal gerð nákvæm grein fyrir, hvernig fyrirhugað er að verja styrknum.

Ekki má styrkur til byggingar félagsheimilis, hvort heldur eitt eða fleiri félög standa að því, nema hærrí fjárhæð en svarar 40% af byggingarkostnaði.

Nú hefur félagsheimili notið eða nýtur byggingarstyrks úr ríkissjóði, auk þess sem fyrir er mælt í lögum þessum, og má þá styrkur samkvæmt þeim ekki nema meiru en svo, að hann ásamt ríkisstyrknum nemi 40% af byggingarkostnaði.

Heimilt skal Félagsheimilaskjóði að gefa út skuldabréf til allt að 15 ára með venjulegum vöxtum til greiðslu á styrk til þeirra félagsheimila, sem byggingu er lokið á eða eru í byggingu. Menntamálaráðherra gerir, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra og iþróttanefndar, áætlun um, hvernig væntanlegum tekjum sjóðsins skuli skipt milli styrkja til félagsheimila og endurgreiðslu á skuldabréfunum ásamt vöxtum, enda skulu þá tekjur sjóðsins áætlaðar varlega. Heimilt er að veita ríkisábyrgð fyrir þessum skuldabréfum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Fellur þá jafnframt úr gildi 2. gr. laga nr. 47 5. júní 1957, um breyting á lögum nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra ásamt 1. gr. laga nr. 47 5. júní 1957 inn í lög nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili, og gefa þau út svo breytt.

Frv. þetta er flutt að beiðni menntamálaráðherra, og hafa nefndarmenn óbundnar hendur um afgreiðslu þess. Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Greinargerð.

Í frv. þessu er gert ráð fyrir eftirfarandi breytingum á gildandi lögum um Félagsheimilaskjóð:

1. Leyfi menntamálaráðherra þurfi til þess að hefja byggingu nýs félagsheimilis, ef það á að njóta byggingarstyrks úr sjóðnum, enda þurfi hann að samþykkja staðsetningu þess og teikningu.
2. Félagsheimilaskjóður fái heimild til þess að gefa út skuldabréf til allt að 15 ára með venjulegum vöxtum til greiðslu á styrk til þeirra félagsheimila, sem byggingu er lokið á eða eru í byggingu. Menntamálaráðuneytið gerir, að fengnum tillögum stjórnar Félagsheimilaskjóðs, áætlun um, hvernig væntanlegum tekjum sjóðsins skuli skipt milli styrkja til félagsheimila og endurgreiðslu á skuldabréfunum ásamt vöxtum, og skulu þá tekjur sjóðsins áætlaðar varlega. Heimilt er ríkissjóði að ábyrgjast þessi skuldabréf.
3. 10% af tekjum Félagsheimilaskjóðs skulu renna í menningarsjóð félagsheimila, og skal honum varið til að stuðla að menningarstarfsemi í félagsheimilunum. Menntamálaráðherra ákveður fjárveitingar úr sjóðnum, að fengnum tillögum stjórnar Félagsheimilaskjóðs. Heimilt er að binda styrkveitingu til einstakra félagsheimila til menningarstarfsemi því skilyrði, að tiltekinn hluti af aðgangseyri að samkomum félagsheimilisins renni í menningarsjóð þess félagsheimilis, og sé hann þá sér-eign þess og notaður í þess konar skyni, sem menntamálaráðherra samþykkir.

Frv. þetta er samið af dr. Þórði Eyjólfssyni, fyrrv. hæstaréttardómara, að beiðni menntamálaráðuneytisins.